

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 3F 2024

Afkoma þriðja ársfjórðungs 2024

- Tekjur á þriðja ársfjórðungi (3F) 2024 námu 6.955 m.kr. samanborið við 6.501 m.kr. á sama tímabili 2023 og jukust um 7%. Tekjur af kjarnaþjónustum Símans, farsíma, gagnaflutningi og sjónvarpsþjónustu aukast um rúmlega 3% á milli tímabila.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 1.915 m.kr. á 3F 2024 og hækkar um 104 m.kr. eða 5,7%. EBITDA hlutfallið er 27,5% á 3F 2024 en var 27,9% á sama tímabili 2023. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 864 m.kr. á 3F 2024 samanborið við 765 m.kr. á sama tímabili 2023.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 292 m.kr. á 3F 2024 en námu 126 m.kr. á sama tímabili 2023. Fjármagnsgjöld námu 476 m.kr., fjármunatekjur voru 178 m.kr. og gengishagnaður nam 6 m.kr.
- Hagnaður á 3F 2024 nam 449 m.kr. samanborið við 507 m.kr. hagnað á sama tímabili 2023.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 16,1 ma.kr. í lok 3F 2024, en voru 10,5 ma.kr. í árslok 2023. Handbært fé í lok 3F 2024 nam 1,1 ma.kr., en var 1,8 ma.kr. í árslok 2023. Staða útlána hjá Símanum Pay var 3,2 ma.kr. í lok 3F 2024.
- Eiginfjárhlutfall Símans var 45,5% í lok 3F 2024 og eigið fé 18,2 ma.kr.

María Björk Einarsdóttir, forstjóri:

„Afkoma þriðja ársfjórðungs var heilt yfir góð og niðurstöðurnar sýna vel seiglu og styrk félagsins. Við sáum heilbrigðan tekjuvöxt í helstu fjarskiptaþjónustum sem og sjónvarpsþjónustu, þar sem áskrifendum hefur haldið áfram að fjölga. Þá hafa fjárfestingar okkar í auglýsingamiðlum staðist þær væntingar sem gerðar voru við kaupin og haft verulega jákvæð áhrif á hlutdeild auglýsingatekna í rekstri félagsins.

Í september voru gerðar breytingar á skipuriti félagsins þar sem eitt stoðsvið var lagt niður og tvö ný svið stofnuð. Markmið breytinganna eru annars vegar að styrkja enn frekar sölu og markaðssetningu á vörum félagsins og hins vegar að auka áherslu á vöru- og viðskiptaþróun. Talsverður kostnaður fylgdi þessum breytingum og bættist hann við áfallinn kostnað vegna forstjóraskipta sem einnig var gjaldfærður í ársfjórðungnum.

Í kjölfar breyttra áherslna í rekstri hófum við að endurskoða stefnumið félagsins og verða þau áform kynnt nánar á komandi mánuðum. Það liggur fyrir að félagið hyggst halda áfram að sækja fram og við munum leggja áherslu á að breikka tekjugrunn félagsins með því að þróa og bæta við vöruframboð okkar nýjum stafrænum þjónustum og lausnum sem falla vel að þörfum okkar viðskiptavina.“

Helstu niðurstöður í rekstri á fyrstu níu mánuðum 2024

Rekstur samstæðu

Rekstrarreikningur	3F			9M		
	2024	2023	%	2024	2023	%
Rekstrartekjur	6.955	6.501	7,0%	20.401	19.082	6,9%
Kostnaðarverð sölu	(4.166)	(4.113)	1,3%	(12.873)	(12.378)	4,0%
Rekstrarkostnaður	(1.925)	(1.623)	18,6%	(5.597)	(5.259)	6,4%
EBIT	864	765	12,9%	1.931	1.445	33,6%
Hrein fjármagnsgjöld	(292)	(126)	131,7%	(807)	(272)	196,7%
Tekjuskattur	(123)	(132)	-6,8%	(260)	(241)	7,9%
Hagnaður tímabils	449	507	-11,4%	864	932	-7,3%
EBITDA	1.915	1.811	5,7%	5.076	4.536	11,9%
Hagnaður á hlut	0,18	0,18	0,0%	0,34	0,31	9,7%

Sala á 9M 2024 nam 20.401 m.kr. samanborið við 19.082 m.kr. á sama tímabili árið 2023, sem er 6,9% vöxtur milli tímabila. Sé horft til kjarnavara félagsins (farsíma, gagnaflutnings og sjónvarpsþjónustu) er tekjuvöxtur 5,2%.

Tekjur af farsíma námu 5.115 m.kr. og hækkuðu um 261 m.kr. eða 5,4% á milli tímabila. Tekjur af gagnaflutningi námu 6.213 m.kr. og hækkuðu um 250 m.kr. eða 4,2% á milli tímabila. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 5.809 m.kr. og hækkuðu um 343 m.kr. eða 6,3% á milli tímabila. Tekjur af vörusölu námu 1.187 m.kr. og drógust saman um 74 m.kr. eða 5,9% á milli tímabila. Aðrar tekjur námu 2.077 m.kr. og hækkuðu um 539 m.kr. á milli tímabila.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 12.873 m.kr. og hækkaði um 495 m.kr. eða 4,0% frá sama tímabili 2023. Rekstrarkostnaður nam 5.597 m.kr. og hækkaði um 338 m.kr. eða 6,4% frá sama tímabili 2023.

Afskriftir félagsins námu 3.145 m.kr. á 9M 2024 samanborið við 3.091 m.kr. á sama tímabili árið 2023 og hækka um 54 m.kr. á milli tímabila.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar námu samtals 5.122 m.kr. á 9M 2024 samanborið við 4.548 m.kr. á sama tímabili 2023. Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum á 9M 2024 námu 299 m.kr. til lækkunar.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 4.823 m.kr. á 9M 2024 samanborið við 4.143 m.kr. á sama tímabili 2023. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 3.842 m.kr. á 9M 2024 samanborið við 3.413 m.kr. á sama tímabili 2023.

Í lok 1F 2024 greiddi Síminn rúma 3,7 ma.kr. vegna kaupa á þremur félögum á

Sjóðstreymi	9M 2024	9M 2023
Rekstrarhagnaður tímabils	1.931	1.445
Afskriftir	3.145	3.091
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	46	12
Samtals rekstrarhreyfingar	5.122	4.548
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(299)	(405)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	4.823	4.143
Nettó greiddir vextir	(609)	(100)
Greiddir skattar	(372)	(630)
Handbært fé frá rekstri	3.842	3.413
Fjárfestingahreyfingar	(6.759)	11.869
Fjármögnunarahreyfingar	2.259	(16.985)
Breytingar á handbæru fé	(658)	(1.703)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(4)	(39)
Handbært fé í upphafi tímabils	1.810	3.721
Handbært fé í lok tímabilsins	1.148	1.979

auglýsingamarkaði sem hefur áhrif á fjárfestingahreyfingar á fyrri helmingi ársins. Á 1F 2023 seldi Síminn skuldabréf sem félagið fékk í tengslum við söluna á Mílu sem skýrir jákvæðar fjárfestingahreyfingar á því tímabili.

Á 1F 2024 voru tekin ný langtímalán, m.a. vegna kaupa á félögum, að fjárhæð 4,5 ma.kr. Á sama tímabili árið 2023 voru fjármögnunarhreyfingar neikvæðar sem nam 17.681 m.kr. sem skýrist helst af því að hlutfé félagsins var lækkað með útgreiðslu til hluthafa sem nam tæplega 15,6 ma.kr. að teknu tilliti til eigin bréfa.

Efnahagur

Kaup Símans á félögum á auglýsingamarkaði sem komu til framkvæmda í lok 1F 2024 hafa talsverð áhrif á efnahag samstæðunnar. Helstu breytingarnar eru að viðskiptavild eykst um 4,4 ma.kr.

Heildareignir félagsins námu 39.873 m.kr. í lok 3F 2024 en voru 33.789 m.kr. í lok árs 2023.

Vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 16.071 m.kr. í lok 3F 2024 samanborið við 10.530 m.kr. í lok árs 2023. Handbært fé í lok 3F 2024 nam 1.148 m.kr. samanborið við 1.810 m.kr. í árslok 2023. Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum og útlánum Símans Pay voru 11.736 m.kr. í lok 3F 2024 samanborið við 5.822 m.kr. í árslok 2023.

Eigið fé félagsins nam 18.157 m.kr. í lok 3F 2024 og eiginfjárhlutfall félagsins var 45,5%.

Eignir	30.09.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir.....	3.480	2.552
Leigueignir.....	2.014	732
Óefnislegar eignir.....	24.428	21.047
Aðrar eignir.....	544	431
Fastafjármunir	30.466	24.762
Birgðir.....	1.396	1.257
Viðskiptakröfur.....	2.420	2.279
Útlán.....	3.076	2.715
Aðrar skammtímakröfur.....	1.367	966
Handbært fé.....	1.148	1.810
Veltufjármunir	9.407	9.027
Eignir samtals	39.873	33.789
Skuldir og eigið fé	30.09.2024	31.12.2023
Eigið fé.....	18.157	17.600
Eigið fé	18.157	17.600
Vaxtaberandi skuldir.....	11.337	7.470
Leiguskuldbinding.....	1.694	503
Tekjuskattsskuldbinding.....	263	232
Langtímaskuldir	13.294	8.205
Aðrar skammtímaskuldir.....	8.422	7.984
Skammtímaskuldir	8.422	7.984
Eigið fé og skuldir samtals	39.873	33.789

Horfur fyrir árið 2024

Afkomuspá er óbreytt frá því sem birt var í kjölfar uppgjors í samstæðu á 1F 2024.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna skipulagsbreytinga rúmist innan afkomuspár. Tekjuþróun ársins er að mestu í takti við áætlun og sala hefur gengur vel í haust sem er eins og alltaf mikilvægur tími fyrir sölustarf félagsins. Innleiðing nýrra fyrirtækja hefur gengið vel og afkoma þeirra samkvæmt væntingum. Ekki er gert ráð fyrir að Noona Iceland og kaup lánasafns verði hluti af rekstri á þessu ári.

Spá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir eftirtöldu:

- EBITDA verði á bilinu 7,0 til 7,3 ma.kr.
- EBIT verði á bilinu 2,7 til 3,0 ma.kr.
- Fjárfestingar án tíðnileyfa verði á bilinu 3,3 til 3,6 ma.kr.

Kynningarfundur 23. október 2024

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 23. október 2024 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu María Björk Einarsdóttir forstjóri og Óskar Hauksson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Símans <https://www.siminn.is/fjarfestar/uppgjor-og-arsskyrslur>.

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í netstreymi á vefslóðinni: <https://www.siminn.is/fjarfestar/fjarfestakynning>.

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á fjarfestatengsl@siminn.is og verður þeim svarað í lok fundarins.

Fjárhagsdagatal 2024

Ársuppgjör 2024	18. febrúar 2025
Aðalfundur 2025	13. mars 2025

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

María Björk Einarsdóttir, forstjóri Símans (maria@siminn.is)

Óskar Hauksson, fjármálastjóri Símans (oskarh@siminn.is)